

Ed.

561. Nefndarálit

[20. mál]

um frv. til l. um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki náð samstöðu um afstöðu til þess. Undirritaðir nm. mæla með því, að það verði samþ. óbreytt, en aðrir nm. telja málið ekki nægilega undirbúið og munu skila séráliti.

Vandamál verðbólgunnar er að okkar áliti ekki sízt fólgið í því, að vantrú á gildi peninganna dregur úr sparifjármyndun, þannig að framboð lánsfjár til nyt-samlegrar fjárfestingar verður ónóg og möguleikar á slíkri fjárfestingu þá minni en ella. Viðtæk verðtrygging fjárskuldbindinga mundi því að okkar áliti örva spari-fjármyndun og framboð lánsfjár og þannig ráða nokkra bót á því, að nýtsamar framkvæmdir stöðvist ekki sakir lánsfjárskorts. Með tilliti til þeirra örðugleika, sem hér á landi hafa á því reynzt að ráða niðurlögum verðbólgunnar, teljum við frv. þetta því spor í rétta átt og fyllilega tímabært að veita þá heimild, sem hér er farið fram á.

Alþingi, 22. apríl 1966.

Ólafur Björnsson,
form., frsm.

Jón Þorsteinsson,
fundaskr.

Sveinn Guðmundsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.